

Gott að hafa í huga við afmæli skólabarna

Góður bekkjarbragur skiptir máli. Það að tilheyra hópnum, búa við öryggi og líða vel er þáttur sem við foreldrar getum haft mikil áhrif á. Einn liður í þessu er samræmi í afmælisboðum en hverjum og hverjum er boðið í afmæli getur verið viðkvæmt meðal barna. Í upphafi hvers skólavetrar er gott að við foreldrar ræðum þessi mál. Markmiðið með þessu er að koma í veg fyrir að eitt barn eða fá séu óvart skilin út undan.

Til að heimili og skóli starfi í takt höfum við tekið saman nokkur atriði sem gott er að hafa í huga og vert er að vekja athygli foreldra á:

Boðsmiðar í afmæli á skólatíma

Í samráði við viðkomandi umsjónarkennara er hægt að dreifa boðsmiðum, merktum hverjum boðsgesti, í afmæli á skólatíma en það skal gert að uppfylltu einu þessara atriða:

- Að öllum strákum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið
- Að öllum stelpum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið
- Að öllum nemendum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið

Ef boðsmiða fyrir einn eða fleiri nemendur vantar hefur kennari samband við foreldra og lætur vita svo unnt sé að bæta úr þannig að dreifing miðanna geti farið fram.

Það getur verið gott að nýta Mentor til að láta foreldra vita að afmælisboðsmiðum hafi verið dreift í skólanum eða árgangasíður okkar á Fésbókinni eigi það við. Komið hefur fyrir að nemendur gleymi afmælisboðsmiða í töskunni sinni og missi þar af leiðandi af afmæli.

Stundum útbúa börnin boðsmiðana sjálf og getur verið gott fyrir foreldri að yfirfara þá og tryggja að allt sé eins og það á að vera svo unnt sé í samráði við umsjónarkennara að dreifa miðunum í skólanum.

Boðsmiðar í afmæli utan skólatíma

Ef ætlunin er að bjóða fáum nemendum í bekk afmælisbarnsins eða fáum úr báðum bekkjum hvort sem það eru stelpur eða strákar eru foreldrar beðnir um að dreifa boðsmiðum utan hefðbundins skólatíma.

Hvað á að gefa?

Á hverju hausti mælumst við til að foreldrar ræði og komi sér saman um leiðbeinandi viðmið varðandi afmælisgjafir og upphæðir ef um peningagjafir er að ræða.

Að lokum

Foreldrafélag Álfstanesskóla hvetur foreldra til að eiga gott samstarf sín á milli meðan skólaganga barnanna stendur yfir og minnir á að gott samstarf foreldra er grunnur að góðu og virku forvarnarstarfi.

Foreldrafélag Álfstanesskóla,
samþykkt á stjórnarfundum 2. júní 2015

Álfstanesskóli 5. nóv. 2015
Sveinbjörn Markús Njálsson
skólastjóri